



## Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps  
mánudaginn 5. nóvember 2012, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson og Egill Sigurgeirsson, Herdís Matthíasdóttir boðaði forföll.  
Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B.  
Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1211001 – Reykólahöfn, 216276, deiliskipulag þéttbýlið.

Tillaga og greinargerð, unnin af Landmótun.

*Nefndin fór yfir tillögu og drög að greinargerð. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að vinna áfram að deiliskipulaginu, tillögu A.*

#### 2. 1201002 – Reykólahöfn 219869, stofnun lóðar.

Beiðni um formlega umsögn frá fjámála- og efnahagsráðuneyti dagsett 26. október 2012.

*Nefndin fór yfir erindið þar sem ráðuneytið óskar formlegrar umsagnar vegna óskar SG 2012 ehf. um lóðarsamning. Spurt er um eftirfarandi atriði*

- 1. Hvort aðkoman að lóðinni geti raskað starfsemi Þörungaverksmiðjunnar.*
- 2. Hvort fyrir liggi umsagnir Þörungaverksmiðjunnar og annarra sem hagsmuni geta átt á svæðinu.*
- 3. Lóðin mun staðsett á landfyllingu sem virðist hluti af hafnargerð, er umrædd landfylling í eign sveitarfélagsins/hafnarinnar?*

*Nefndin telur að aðkoman að lóðinni muni ekki raska starfsemi Þörungaverksmiðjunnar og hefur hún verið grenndarkynnt skv. skipulagslögum aðliggjandi lóðarhafa. Umrædd lóð er á landfyllingu í eigu sveitarfélagsins. Skipulagsfulltrúa falið að koma svörum á framfæri við ráðuneytið.*

#### 3. 1209002 – Hergisley 139580, Friðlýsing æðarvarps.

Staðfestur listi og kort.

*Fyrir fundinum liggur undirritun tveggja staðkunnugra aðila á uppdrætti meðfylgjandi erindi Sýslumannsins á Pateksfirði um eyjar og sker sem tilheyra Hergilseyjarlöndum. Nefndin staðfestir afstöðu þess svæðis sem friðlýsing á að taka til skv. meðfylgjandi gögum.*

#### 4. 1209009 – Búfjársamþykkt fyrir Reykólahrepp.

Drög að samþykkt.

*Nefndin fór yfir fyrirbyggjandi drög að samþykkt um búfjárhald og gjaldskrá í tengslum við hana. Nefndin samþykkir samþykktina og vísar henni til hreppsnefndar. Nefndin vísar gjaldskrá einnig til hreppsnefndar en taka þarf afstöðu til hennar sérstaklega.*

### Mál til kynningar:

5. **1211002 - Skráning og mat hafnarmannvirkja**

Erindi frá Þjóðskrá Íslands dagsett 29. október 2012.

*Kynnt.*

6. **1206034 - Fyrirhuguð niðurfelling Héraðsvega af vegaskrá.**

Erindi frá Vegagerðinni dagsett 16. október 2012.

*Fyrirhugað er að fella Múlaveg í Þorskafirði nr. 6085 af vegaskrá, þar sem ekki er föst búseta að Múla. Erindið kynnt.*

7. **1211003 - Fundargerð 350. og 351. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands.**

*Kynnt.*

### Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

8. **1202020 - Samgönguáætlun 2013-2016, sjóvarnir í Flatey.**

Minnsiblað Siglingastofnunar vegna vettvangsskoðunar 17. október 2012 og mögulegar aðgerðir.

*Nefndin fór yfir minnisblaðið, þar kemur fram að mat Siglingastofnunar sé, að vænlegast sé að styrkja varnirnar sem fyrir eru við gamla þorpið, þ.e. steiptan vegg við Eyjólfspan og Stóragarð. Nefndin er sammála niðurstöðu Siglingastofnunar og leggur til að minnisblaðið verði sent til Framfarafélags Flateyjar til umsagnar.*

9. **1211004 – Fjárhagsáætlun 2013 og þriggja ára áætlun.**

*Nefndin fór yfir þau atriði sem taka þarf tillit til við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013.*

10. **1211005 – Reykjabraut 12 139656, sundlaug. Stækkun tjaldsvæðis.**

*Lagður fram uppdráttur skipulagsfulltrúa að stækkun tjaldsvæðis við Grettislaug. Nefndin samþykkir stækkunina.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 14:05**

---

---

---

